

## Jafnlaunastefna Hveragerðis 2023 – 2027

Jafnlaunastefna Hveragerðis er sett fram samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna nr.150/2020, og annarra laga og krafna er snúa að jafnrétti. Jafnlaunastefnan gildir fyrir allt starfsfólk Hveragerðis.

Hveragerði skuldbindur sig til að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Með jöfnum kjörum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og starfsfólk með hlutlausu skráningu. Þau viðmið sem lögð eru launaákvörðunum til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Laun eru í 9. tölulið 2.gr. jafnréttislaga nr. 150/2020 skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar þóknun, bein eða óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni hefur Hveragerði sett upp jafnlaunakerfi og skuldbindur sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins. Hveragerði hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

### Jafnlaunamarkmið Hveragerðis:

Hveragerði stefnir að því að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Til þess að ná markmiði sínu hefur Hveragerði sett sér eftirfarandi árangursmælikvarða:

- Óútskýrður launamunur skal vera enginn og frávik ekki meiri en 3%
- Skýringarhlutfall (R2) skal ekki vera lægra en 95%

Til þess að ná því markmiði og árangursmælikvörðum mun Hveragerði:

- Uppfylla kröfur jafnlaunastaðals
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort það mælist munur á launum eftir kyni
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Ef um óútskýrðan mun hjá einstaklingi er að ræða skal bregðast við því strax en ef um óútskýrðan mun er að ræða milli hópa skal leiðrétta það frá og með næstu áramótum.

Unnið verður að stöðugum umbótum á stefnunni, henni fylgt eftir og brugðist við ef ástæða er til. Yfirferð markmiða og endurskoðun stefnunnar fer reglulega fram, ekki sjaldnar en einu sinni á ári í tengslum við yfirferð á jafnlaunakerfinu er tengist jafnlaunavottun.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af jafnréttisáætlun. Starfsfólk fær kynningu á jafnlaunastefnu reglulega og kynning á jafnlaunastefnu er hluti af ráðningaferli starfsfólks Hveragerðis. Jafnlaunastefnan er aðgengileg almenningi á ytri vef sveitarfélagsins.

Samþykkt af bæjarstjórn 27. apríl 2023